

## Sighvatur Bjarnason

fyrv. bankastjóri.

25. jan. 1859. — 30. ágúst 1929.

Svo sem um er getið í síðasta blaði andaðist Sighvatur Bjarnason bankastjóri aðfaranótt hins 30. ágústmánaðar. Varð hann bráðkvaddur, hafði daginn áður verið úti við, að því er virtist við fulla heilsu.

Sighvatur Bjarnason var fæddur hjer í Reykjavík 25. jan. 1859. Voru foreldrar hans Bjarni Kristjánsson tómthúsmaður og kona hans Þorbjörg Sighvatsdóttir. Voru þau hjón mjög fátæk og varð Sighvatur að fara að vinna fyrir sér, þegar er hann komst nokkuð á legg til þess að létta undir með heimilinu.

Fimmtán ára gamall komst Sighvatur í þjónustu Jóns landshöfðingjaritara Jónssonar. Sá Jón þegar að mannsefni var í þessum dreng og kom honum á skrifstofu þáverandi landshöfðingja, Hilmars Finsen. Á landshöfðingjaskrifst. starfaði Sighvatur síðan, allt til þess er Landsbankinn var stofnaður. Árið 1886 varð hann bókarí bankans og hélt því starfi þangað til Íslandsbanki var stofnaður 1904. Varð hann þá bankastjóri Íslandsbanka ásamt Emil Schou. Hafði hann þetta erfiða og ábyrgðarmikla starf á hendi í 16 ár.

En auk þeirrar starfsemi, sem hér hefir verið talin, hafði Sighvatur Bjarnason á hendi margskonar opinber störf. Hann sat í bæjarstjórn, niðurjöfnunar- og skattanefnd, var í stjórn fjölmargra félaga, einkum góðgerðafélaga, einn af stofnendum Oddfellowreglunnar hér á landi, hafði á hendi umboð fyrir erlend váttryggingarfélög o. s. frv. Yfirleitt má segja að á hann hlæðust meiri störf, en flestum er

gefið að anna. En Sighvatur Bjarnason var allra manna starfsamastur og samviskusamastur. Mun sjaldhittur maður, sem gengur að störfum með meiri ósérplægni og alúð en hann gerði.

Sighvatur Bjarnason kvæntist árið 1886 eftirlifandi ekkju sinni, Ágústu Sigfúsdóttur, prests Jónssonar frá Undirfelli. Eignuðust þau níu börn. Dóu tvö þeirra ung, en sjö komust upp. Af þeim eru nú tvær dætur dánar, Þorbjörg, fyrri kona Magnúsar Péturssonar og Jakobína, gift Georg Gíslasyni, kaupm. í Vestmannaeyjum. Eftir lifa Emelía, gift Jóni lækni Kristjánssyni, Bjarni kaupmaður, Sigriður Trybom í Stockhólmi, Ásta kenslukona og Sigfús váttryggingarmaður.

Jarðarför Sighvats Bjarnasonar fór fram 6. sept. og fylgdi fjöldi manna hinum merka og vinsæla manni til hinnar hinstu hvíldar.

## Björgunarbáturinn.

Svo nefnist saga um hetjurnar á Englandsströndum, eftir R. M. Ballantyne. Þessa sögu þýddi Commandör H. Ipsen árið 1869; voru þá sex upplög af ensku útgáfunni uppseld.

Höfundurinn ætlaðist til, að landsmenn sínir við lestur bókarinnar tækju eftir starfsemi þeirra, sem unnu að björgunarstarfinu og, að hún yrði til þess að hvetja mun til að styrkja þetta velferðarmál. Það fór alt að óskum.

Í eftirmála bókarinnar er skýrt frá, hvernig fyrsti björgunarbáturinn varð til, undirtektum manna og vakningu.

Vagnasmiður, Lionel Lukin, búsettur í London er hinn fyrsti, sem fann upp björgunarbát. Einkaleyfi á uppfundningu þessari fékk hann 2. nóvember 1785 og